



Líftrygging

Skilmáli nr. LI33

Tryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf., kt. 570990-1449, hér eftir nefnt „Lífis“. Lífis er í eigu VÍS trygginga hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“. Lífis hefur veitt VÍS umboð til að annast alla þjónustu við viðskiptavinum Lífis vegna líftrygginga samkvæmt skilmála þessum.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. LI33.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Líftrygging tryggir hag þeirra sem treysta á þig. Þú ákveður fjárhæð tryggingar og hver á rétt á greiðslu fallir þú frá.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá einstaklingur sem nefndur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Einnig eru tryggð lifandi fædd börn hins tryggða, auk stjúp- og fósturbarna hans sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og hann.

2. Hver fær fjárhæð tryggingar greidda?

- 2.1 Við andlát tryggðs er fjárhæð tryggingar greidd til réttihafa.
- 2.2 Þegar um er að ræða andlát barns hins tryggða, auk stjúp- og fósturbarna hans, greiðist fjárhæð tryggingar til hans. Greiðsla samkvæmt þessari grein hefur ekki áhrif á tryggingu hins tryggða.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

4. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 4.1 Tryggingin tekur gildi þegar VÍS hefur móttakið og metið þær upplýsingar um heilsufar sem óskað er eftir og tryggður hefur samþykkt að kaupa trygginguna með þeim skilmálum sem um hana gilda. VÍS ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað þegar upplýsingar um heilsufar voru veittar ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun VÍS og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.
- 4.2 Tryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til 75 ára aldurs hins tryggða. Hámarksaldur við kaup á nýrri tryggingu er 62 ár.

5. Hvað bætir tryggingin?

- 5.1 VÍS greiðir bætur vegna andláts hins tryggða.

6. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 6.1 Svípti tryggður sig lífi innan eins árs frá því að tryggingin tók gildi eru ekki greiddar bætur nema ef telja má sannað að tryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.
- 6.2 Þar sem VÍS aflar ekki upplýsinga um heilsufar barna hins tryggða greiðast ekki bætur vegna andláts barns hans, stjúp- og fósturbarns, sem rekja má beint eða óbeint til ástands fyrir gildistöku tryggingarinnar. Um kjörbörn gildir enn fremur að VÍS er ekki bótaskyld ef hægt er að rekja andlát til ástands sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Fjárhæð tryggingar kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Frá 54 ára aldri hins tryggða lækkar fjárhæð tryggingar einu sinni á ári í samræmi við gildandi gjaldskrá VÍS, þ.e. kl. 0.00 á fyrsta degi hvers tryggingartímabils.
- 7.3 Ef barn hins tryggða, lifandi fætt og yngra en 18 ára, andast á gildistíma tryggingar

Réttihafi er sá sem á rétt á að fá fjárhæð tryggingar.

Gættu þess vel hvern þú skráir sem réttihafi. Við breyttar aðstæður gætir þú einnig þurft að breyta um réttihafa, s.s. ef um hjónaskilnað eða sambandsslit er að ræða.

Gott er að hafa í huga að sambúðaraðili telst ekki til maka skv. lögum.

Athugaðu að tryggingarfjárhæð lækkar árlega vegna aldurs eftir 54 ára aldur. Við hverja endurnýjun lækkar fjárhæðin um tiltekið hlutfall sem er misjafnt eftir aldri. Á móti kemur að tryggingarfjárhæðin hækkar samkvæmt vísitölu.



greiðir VÍS dánarbætur að fjárhæð kr. 2.000.000¹ vegna tiltekins barns. Hámarksbætur til tryggingartaka vegna hvers barns geta aldrei orðið hærrí þó að tryggingartaki hafi fleiri en eitt líftryggingarskírteini í gildi.

- 7.4 Fjárhæð tryggingar hækkar við endurnýjun í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Lækki vísitala neysluverðs hefur það ekki áhrif til lækkunar á fjárhæð tryggingar.

8. Réttur til hækkunar á fjárhæð tryggingar

- 8.1 Ef verð fyrir trygginguna er ekki hærra en grunnverð skv. gjaldskrá VÍS getur tryggður sótt um hækkun á fjárhæð tryggingar án þess að veita frekari upplýsingar um heilsufar sitt innan 6 mánaða frá því hann eignast barn eða ættleiðir barn yngra en 18 ára á gildistíma tryggingar. Þessi réttur fellur niður við 45 ára aldur hins tryggða. Hámarkshækkun er 25% af fjárhæð tryggingar, en þó að hámarki kr. 5.000.000,² fyrir hvert barn og aðeins er hægt að nýta þennan rétt fyrir fjögur börn.
- 8.2 Ef hinn tryggði kaupir fasteign á gildistíma tryggingar hefur hann rétt á að hækka fjárhæð tryggingar að hámarksfjárhæðum. Hægt er að nýta þennan rétt einu sinni með því að veita þær upplýsingar um heilsufar sem óskað er eftir ásamt staðfestingu á fasteignakaupum. Þessi réttur fellur niður við 50 ára aldur.
- 8.3 Við hækkun fjárhæðar tryggingar hækkar verð fyrir trygginguna samkvæmt gjaldskrá VÍS og tekur gildi á næsta gjalddaga.

Kynntu þér rétt þinn til **hækkunar** á fjárhæð tryggingar eignist þú barn eða kaupir fasteign.

9. Breyting á áhættu

- 9.1 Tryggingartaki, eða eftir atvikum tryggður, skal tilkynna VÍS tafarlaust sérhverja breytingu sem getur haft áhrif á áhættumat og þar með verð tryggingarinnar, t.d. varðandi tóbaks- og nikótínnotkun eða tómsundur sem hafa sérstaka áhættu í för með sér. Einnig skal tilkynna VÍS ef ferðast er til landa þar sem stríð geisar. Tilkynni tryggingartaki eða tryggður VÍS ekki um áhættubreytingu getur það valdið því að ábyrgð VÍS lækki í hlutfalli við verð miðað við breytta áhættu.

Gættu þess að **láta okkur vita** ef þú t.d. lætur gamlan draum um svifdrekaflug rætast, byrjar að reykja eða ferðast til stríðshráðra landa.

10. Verð

- 10.1 Verð tryggingar breytist við endurnýjun í hlutfalli við breytingu á fjárhæð tryggingar samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- 10.2 VÍS áskilur sér rétt til að breyta verði við endurnýjun tryggingar með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

11. Áframhaldandi trygging eftir vanskil

- 11.1 Falli tryggingin niður vegna vanskila eftir að greitt hefur verið fyrir trygginguna í eitt ár hið minnsta má endurvefja trygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vanskil eru greidd innan 3 mánaða frá því að tryggingin féll niður.

12. Greiðslufrelsi tryggingar

- 12.1 Hafi tryggður verið metinn til a.m.k. 50% örorku í 6 mánuði eða lengur af Tryggingastofnun ríkisins eða sambærilegri stofnun erlendis, öðlast hann rétt til greiðslufrelsis tryggingar frá þeim tímapunkti og í þann tíma sem örorka varir.
- 12.2 Réttur til greiðslufrelsis getur að hámarki varað í 5 ár og ekki lengur en til 65 ára aldurs. Greiðslufrelsi tryggingar er ekki veitt til lengri tíma en eins árs aftur í tímann frá því að umsókn um greiðslufrelsi barst VÍS.
- 12.3 Full örorka veitir rétt til fulls greiðslufrelsis tryggingar og 50% örorka eða meira til hlutfallslegrar lækkunar greiðslu fyrir tryggingu.
- 12.4 Skila þarf inn umsókn um greiðslufrelsi. Henni þarf að fylgja afrit örorkuskírteinis eða staðfesting á örorku og örorkutímabili frá Tryggingastofnun ríkisins eða sambærilegri stofnun erlendis, VÍS að kostnaðarlausu.
- 12.5 Tryggður skal tilkynna VÍS um leið og breyting verður á metinni örorku. VÍS getur ávallt krafist upplýsinga um heilsufar hans meðan hann nýtur greiðslufrelsis svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.

Kynntu þér rétt þinn til að **sleppa tímabundið við að greiða** af tryggingunni verðir þú metinn til örorku.

13. Endurkaup

- 13.1 Trygging þessi hefur ekki endurkaupsverð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

¹ Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2021, 503,5 stig.

² Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2021, 503,5 stig.